

# Foreldraráð MH

## Fundargerð

Fundur haldinn í MH mánudaginn 9. desember 2019 kl. 18:00

Mættar eru: Arna Sigurðardóttir, Elísabet Einarsdóttir, Fríður Reynsidóttir, Harpa Karlsdóttir, Kristín Finndís Jónsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir.

1. Grímuballið heppnaðist vel og þrjú gjafabréf samtals kr. 45.000 voru afhent í edrúpottinn.
2. Rætt um hljóðkerfið og nemendaráð stefnir á að velja gott kerfi, sem fjárfest verður í fljótlega eftir áramót. Í verkefnasmiðju bókasafnsins er búið að taka í gagnið litaprentara og þrjú heyrnartól sem foreldraráðið afhenti til nemanda á vordögum.
3. Lagningadagar verða í kringum 20. febrúar og stefnt að því að foreldraráð fjármagni fyrirlesara í samvinnu við lagnó nefndina. Fríða tekur að sér að hafa milligöngu um tillöguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Kristín Finndís Jónsdóttir, fundarritari.